

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 6. maí 1952.

Hér með tilkynnist yður, hæstvirtur ráðherra,
að Halldór Kristjánsson hefur sagt af sér störfum í
stjórnarskrárnefnd, en Karl Aristjánsson, alþingismaður,
mun taka sæti hans í nefndinni fyrst um sinn.

Steingr. Steinþórsson

Þórunn Þorlacsdóttir

Herra utanríkis-og dómsmálaráðherra
B j a r n i B e n e d i k t s s o n ,
Reykjavík.

Ólafur Jóhannesson
professor

Reykjavík, 2. jan. 1953

Ég undirritaður leyfi mér hér
með að tjá yður, herra formannur
Stjórnarskráarnefndar, að ég hefði
elag ritad forsetismáðherra bréf, þar
sem ég hefði sagt af mér störfum í
Stjórnarskráarnefnd.

Virdingarfyllt.
Ólafur Jóhannesson.

Til formanns Stjórnarskráarnefndar,
herra utannríkisráðherra Bjarna Benediktssonar

2. STJÓRNARSKRÁRÁLIÐ

I.

Niunda flokksþing Framsóknarsanna leggur á það áherslu að hraðað sé setningu nýrrar stjórnarskrár. Telur flokksþingið, að hina nýja stjórnarskrá eigi að byggja á eftirtöldum grundvallaratriðum:

1. Framkvæmdarvald og löggjafarvald verði aðskilið meira en nú er, og skipi þjóðkjörinn forseti stjórn ríkisins, hafi Alþingi eigi myndað nýja ríkisstjórn einum mánuði eftir að ríkisstjórn hefir verið veitt lausn.

2. Allir þingsmenn verði kjörðemakönnir. Kjörðema-skipunin taki eðlilegt tillit til sérstöðu dreifbýlisins.

3. Skipun aðstaðs dómstóls þjóðarinnar verði ákveðin í stjórnarskránni.

4. Hérud landeins njóti meiri sjálfstjórnar en nú er. Sérstæða þeirra verði ákveðin í stjórnarskránni.

II.

Niunda flokksþing Framsóknarsanna skorar á Alþingi að gera þá breytingu á gildandi stjórnarskrá, að ný stjórnarskrá skuli samþykkt á sérstöku stjórnlagabingi og síðan bor-in undir þjóðaratkvæði.

Flokksþingið telur eðlilegt, að kosið verði í ein-menningskjördæmum til stjórnlagabingsins.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Landsfundur Sjálfstæðismanna telur, að áður en ný stjórnarskrá sé sett, þurfi rækilegar umræður um málið meðal þjóðarinnar og skýringar á kostum og göllum þeirra breytinga, sem tillögur hafa komið fram um, en vill fyrir sitt leyti benda á eftirfarandi atriði:

Fundurinn telur, að vegna þess, hve hér er um mikilsvert mál og einstætt að ræða, komi mjög til álita, að sérstakur þjóðfundur verði kosinn til afgreiðslu þess, enda verði ákvarðanir hans síðan bornar undir þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar.

Landsfundurinn er eindregið þeirrar skoðunar, að við setningu nýrrar stjórnarskrár beri að gæta þess, að þingræðið verði ekki skert. Fundurinn telur, að reynslan hafi nogsamlega sýnt, að ríkisstjórn geti ekki komið fram mikilvægum málum, nema hún hafi stuðning meiri hluta Alþingis.

Fundurinn lítur svo á, að rétt sé að haga kjöri og valdi forseta Íslands og ríkisstjórnar með sama hætti og nu. Jafnframt telur fundurinn brýna nauðsyn á því, að ráðstafanir verði gerðar til þess að stjórnarmyndanir gangi greiðlegar. Bendir fundurinn á það, að t.d. mætti mæla svo fyrir, að ef Alþingi hefur ekki innan hæfilegs tíma komið sér saman um ríkisstjórn, skuli þingið þegar í stað rofið og nýjar kosningar fara fram. Fundurinn telur samstjórnir flokka um lengri tíma hættulegar heilbrigðum og lýðræðislegum stjórnarháttum, og sé því mikilvægt, að stjórnarskráin stuðli að meirihluta stjórnnum eins flokks.

Landsfundurinn telur nauðsynlegt, að fundin verði skynsamleg tilhögun á því, að héruðin fái aukið vald í ýmsum sérmafum sínum og komið verði í veg fyrir sameining allrar stjórnar á málafnum landsmanna á einn stað. En fundurinn varar við því, að þessi eðlilega umbót verði notuð til þess að koma slíkri skipun á efri deild þingsins, að einum stjórnmalaflokki með tiltölulega litlu þjóðarfylgi væri fengið stöðvunarvald á allri löggjöf og færi á því að lama þingræðið.

Landsfundurinn leggur á það höfuðáherzlu, að ný stjórnarskrá megi ekki efla sundrunu og óstjórn í landinu, svo sem gert yrði með afnám þingræðisins. Fundurinn telur þvert á moti, að þingræðið sé slíkt höfuðatriði í íslensku þjóðskipulagi, að það megi með engu móti skerða, enda getur það eitt skapað möguleikann fyrir styrkri stjórn og skilyrði fyrir heillavænlegri samvinnu ríkisstjórnar, þings og þjóðar.

Landsfundurinn ítrekar einnig þá samþykkt síðasta landsfundar, að í stjórnarskránni verði að tryggja sem best almennt mannréttindi borgaranna og eignarréttinn. Einnig verði sett stjórnarskrarákvæði, er veiti þinginu nauðsynlegt aðhald um gætilega afgreiðslu fjárlaga, og takmarki mjög heimild ríkisstjórnar til utgjalda umfram fjárlög.

/Þessi ályktun varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar var samþykkt á Landsfundi Sjálfstæðisflokksins - er haldim var 31. okt. - 4. nóv 1951/

Fundur stjórnerskrárfundar 1948

Yfirlit

Á fyrsta fundi nefndarinnar varð samkomulag um að verja nokkrum fundum til almennra umræðna um endurskoðun hinna ýmsu kafla núgildandi stjórnerskrár. Var jafnframt ákveðið, að engar fundargerðir skyldu teknar fyrr en þeim umræðna væri lokið. Eftirfarandi yfirlit er því eigi eins ýtarlegt og ella.

1. fundur, 13. maí 1948

Rætt var um skiptingu ríkisvaldsins og aðallega um afstöðu framkvæmdavaldsins gagnvart löggjafarvaldinu, þ.e. hversu háð ríkisstjórnin skuli vera löggjafarvaldinu. Virtist samkomulag um að æskilegt væri að stefna að meira stabiliteti ríkisstjórna bæði að því er tekur til stjórnarmyndunar og starfstímabils ríkisstjórnar. Var því hreyft, að ríkisstjórn t.d. starfaði kjörtímabil þingsins og frestur væri settur nýja þinginu t.d. 2-3 mánuði, til þess að mynda nýja ríkisstjórn.

Þá var og nokkuð rætt um afstöðuhlutfall forseta og forsætisráðherra (sbr. 7. fund).

2. fundur, 18 maí 1948

Rætt var um kjördæmaskipunina og athugaðir ýmsir möguleikar, t.d. einmenningskjördæmi, tvímenningskjördæmi, fjórðungskjördæmi o.s.frv. Virtust flestir hallast að skiptingu landsins í fremur stór kjördæmi, t.d. 4-5 (Reykjavík og fjórðunger). Væri þá útbúið yfirlit fyrir hverjar kosningar um það hvernig fólksfjöldi skiptist. Einnig virtist vera samkomulag um að rétt væri að hafa hlutfallskosningar þannig að

höfðatalan réði að meginstefnu eða fjáttá falltrúa hvers flokks í kjördæmi. Þá var og athugað hvort æskilegt myndi vera, að ákvæði stjórnarskrár hefði áhrif á hversu margir stjórnámáleflokkar mynduðust í landinu.

3. fundur 23. maí 1948

Rætt var um tölu þingmanna og deildir alþingis. Að því er þingmannafjöldi snertir, var samkomulag um að líklega yrði ekki um færri þingmenn að ræða en 30-40, en talan myndi fara eftir ~~þingmannafjöldi~~ ^{Kjördæmi} og kjördæmaskipun. Þá var og rætt um það hvort þingmönnum skyldi heimilt að gegna öðrum störfum a.m.k. vissum tilteknum embættum og hvort þingmenn skyldu hafa búsetu í kjördæminu. Þá var og að því vikið, hvort rétt væri að önnur deild alþingis skyldi kosin eftir öðrum reglum en hin. Virtist vera samkomulag um að rétt væri að halda núverandi formi ef samkomulag yrði um tvær deildir, annars eina deild.

Þá urðu og umræður um það, hvort hagkvæmt væri að auka stjálfstjórn landshluta, t.d. þannig að úthlutun á fé til vegaframkvæmda væri ekki gerð á alþingi öðruvísi en sem heildarframlag.

4. fundur 1. júní 1948

Rætt var um skiptingu ríkisvaldsins og sérstaklega valdsvið þingsins. Einkum urðu umræður um það, hvort takmarka beri frumkvæðisrétt þingsins í fjármálum. Virtust flestir samála um að einhver slík takmörkun væri æskileg, því að þannig fengi ríkisstjórnin sterkari eðstöðu í starfi sínu. Hinsvegar þyrfti þó að tryggja samvinnu milli ríkisstjórnar og þings. Komu fram tillögur um að ríkisstjórnin réði a.m.k. "balance" fjárlaga og jafnvel hámarki útgjalda. Voru menn sammála um

að aðal viðfangsefnið varðandi valdskiptinguna væru fjárlögin.

Um dómsvaldið urðu einnig umræður og virtist samkomulag um að e.t.v. væri rétt að hafa ákvæði í stjórnarskránni um Hæstarétt, en skipun dómsvaldsins skyldi að öðru leyti ákvæðin með lögum. Þá var og rætt um ábyrgð ráðherra og upplýst að nýjar tillögur lögju fyrir um það mál, þ.e. að Hæstiráttur og þingskipaðir menn færu þar með dómsvald, en minnst var á, að e.t.v. gæti verið heppilegra að tilnefndir yrðu t.d. Forseti Hæstaréttar, forseti lagadeildar Háskólans o.s.frv.

5. fundur 3. júní 1948

Rætt var um mannréttindakafla stjórnarskrárinnar.

Samkomulag var um að ákvæðin í 6. kafla núgildandi stjórnarskrár (trúfrelsi) myndu líklega verða óbreytt, en um 7. kafla urðu miklar umræður t.d. um vinnuréttinn, réttindi kvenna (ríkisborgarréttur) fræðslufrelsi, skaðanafrelsi og aftarverkun laga.

Var sérstaklega rætt um eignarnám og skaðabætur fyrir það. Virtist samkomulag um, að einstaklingar ættu ekki að njóta verðhækkunar, sem stafaði af opinberum aðgerðum. Hinsvegar var ekki samkomulag um það hvort heppilegt væri að breyta núgildandi stjórnarskrárákvæði (b7 gr.) eða eftirláta löggjafarvaldinu framkvæmdir (t.d. með verðjöfnunarskatti).

Samkomulag var um að athuga nefndarálit um mannréttindi, er fyrri stjórnarskrárnefnd hafði staðið að svo og uppkast sameinuðu þjóðanna að alþjóðayfirlýsingu um mannréttindi. Loks var nokkuð rætt um, hvort æskilegt væri að formulera skilgreiningu á hugtakinu "lýðræði" í sjálfri stjórnarskránni e.t.v. í formála.

6. fundur 9. júní 1948

Hætt var um 69. gr. stj.skr. (atvinnufrelsi) og þá sérstaklega hvort ástæða væri til að greina í stj.skr. á milli atvinnufrelsis einstaklinga annarsvegar og þess opinbers hinsvegar, þannig að ákveðin svið væri afmörkuð því opinbera. Virðast litlar niðurstöður verða af þeim umræðum.

Þá var og rætt um afstöðu embættismanna gagnvart pólitíska valdinu.

7. fundur 15. júní 1948

Umræður urðu svipaðar og á fyrsta fundi og varð samkomuleg um að tryggja þyrfti aðstöðu ríkisstjórnar til þess að meira stabilitet fengist í störfum þeirra. Var síðan rætt um hinar ýmsu leiðir til myndunar ríkisstjórnar og kosningu forseta:

- (1) að forseti sé jafnframt forsætisráðherra (str. Bandaríkin);
- (2) að forseti sé kjörinn á sama hátt og nú er og þingið kjósi ríkisstjórnina;
- (3) að ríkisstjórn sé kosin af alþingiskjösendum um leið og þingmenn eru kosnir.
- (4) að sama form væri haft og nú en verkstjórn forseta væri aukin í praxis t.d. að minni hluti stjórn væri látin sitja þar til þingið kemi saman um nýja stjórn.

Var sérstaklega rætt um að æskilegt væri að koma málum þessum svo fyrir, að "hreinar línur" mynduðust fyrir kosningar, þannig að kjósendur vissu að hverju þeir gangju varðandi væntanlega ríkisstjórn (t.d. kosningabandalög).

8. fundur 28. september 1948

Rætt var um nánari starfsetilhögun við endurskoðun stjórnarskrárinnar og eðallega hvort myndi heppilegra að samja nýja stjórnarskré frá byrjun eða leggja núgildandi stjórnarskré til grundvellar, en samja breytingartillögur við hana. Virtust flestir hallast að síðari leiðinni.

Þá var rætt um það hvort rétt væri að hafa í stjksk. skilgreiningu á hugtakinu "lýðræði" og einnig um það hvort setja bæri ákvæði í stjórnarskrána um tiltekna vernd fyrir lýðræðið þ.e. að ekki mætti vinna gegn því. Virtust menn sam- mála um, að erfitt myndi að finna viðunandi skilgreiningu á hugtakinu "lýðræði", en hinsvegar gæti verið rétt að telja upp nokkur grundvallaratriði, sem samkomulag væri um að vernda bæri. Var þá jafnframt á það bent, að e.t.v. væri rétt að um slík ákvæði giltu strangari reglur að því er breytingar snerta- ir.

FORSÆTISRÁÐUNEYTTID

Reykjavík, 14. nóv. 1947.

Hér með eruð þér, herra ráðherra, skipaður í nefnd til þess að endurskoða stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, sbr. þingsályktun frá 24. maí 1947, er hér með fylgir. Jafnframt eruð þér skipaður formaður nefndarinnar.

Aðrir nefndarmenn eru: Gylfi P. Gíslason, prófessor, tilnefndur af Alþýðuflokknum, Halldór Kristjánsson frá Kirkjubóli, tilnefndur af Framsóknarflokknum, Jóhann Hafstein, alþingismaður, tilnefndur af Sjálfstæðisflokknum, Einar Ólgeirsson, alþingismaður, tilnefndur af Sameiningarflokki alþýðu - Sósíalístaflokknum, Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri, og Ólafur Jóhannesson, prófessor, skipaðir af ríkisstjórninni án tilnefningar.

Þá hefur Haraldur Guðmundsson, forstjóri, verið skipaður varaformaður Gylfa P. Gíslasonar í nefndinni, og er ætlast til, að honum gefist kostur á að fylgjast með störfum nefndarinnar.



Herra ráðherra

B j a r n i B e n e d i k t s s o n,

STJÓRNARSKRÁRMÁLID.

MANNRETTINDANEFND.

Undirritaðir fjórir nefndarmenn leggja hér með fyrir stjórnarskrárnefndirnar meðfylgjandi tillögur um viðauka við og breytingar á mannréttindakafli stjórnarskrárinnar.

Nefndin hefur ekki séð sér fært að taka vernd lýðræðisins til meðferðar þegar af þeirri ástæðu, að ekki lá fyrir almenn viðurkennd skilgreining á hugtakinu lýðræði, sem hægt væri að byggja tillögur á.

Þá áskilja nefndarkonurnar tvegar sér rétt til að gera síðar tillögur um ríkisborgararéttinn, annaðhvort til stjórnarskrárnefnda eða Alþingis, þar sem mikið skortir á að þau gögn séu nú fyrir hendi, sem æskilegt væri, en hinsvegar útlit fyrir að þeirra verði hægt að afla á næstunni.

Samkomulag hefur orðið um flestar tillögurnar, en ágreinings, sem orðið hefur um einstakar tillögur, er getið á viðeigandi stöðum.

Tillögurnar höfum við tölusett í þeirri röð, er okkur virtist eðlilegust og merkt 1, 2 o.s.frv.

Um tillögurnar skal þetta tekið fram:

- 1) Er yfirlýsing almenns eðlis um mannréttindi og jafnrétti. Þarfnast ekki sérstakra skýringa.
- 2) 1. málsl. Er um jafnrétti karla og kvenna.
2. málsl. Fjárhagslegt sjálfstæði móðurinnar verður því aðeins tryggt, að hún geti stundað atvinnu utan heimilis, og að henni sé þannig sköpuð aðstaða til fjáröflunar, nokkurnveginn til jafns við aðra borgara þjóðfélagsins. Eins og nú háttar hér til verður þetta helst framkvæmanlegt á þann hátt, að fyrir hendi séu stofnanir, er aðníst gæzlu

og upbunna barna meðan bóðirin er við störf utan heimilis. Með löggjöf um stuðning af hálfu hins opinbera, við að koma slíkum stofnunum á fót og reka þær þar sem ákveðin skilyrði eru fyrir hendi, sem vaða yrði þó nema í þéttbýli, væri stigið stórt spor í rétta átt.

3. málal. Löggjafinn skal í hvívetna gata hagsmuna meðra og barna, s. s. með löggjöf um meðlög með börvöldum, fóstingarljálp, barnavernd o. s. frv. Yrði ákvæðið löggjafanum aðhald í þessum efnum.

- 3) Réttindi þau, sem talin eru í 2. málal. þessarar greinar, mundu stíð falla undirhugtakið mannhelgi, og skulu vernduð með lögum og löggæzlu, en hinsvegar mætti vel hugsa sér, að fleiri réttindi féllu þarna undir, og þyrfti þá að skilgreina nánar, hvað í orðinu mannhelgi felst, en það hefur verið skilið á ýmsa vegu.
- 4) Þarfnast ekki skýringa.
- 5) Hér er gert ráð fyrir því, að alla þá, sem teknir eru fastir, skuli leiða fyrir dómara, hvert sem tilefni handtökunnar er. Nær greinin þá t. d. til handtöku geðveikra manna, útlendinga, sem hér dvelja í heimildarleysi, styrkþega sbr. 51. og 54. gr. framfaralaganna o. fl., en 65. gr. stj. skr. hefur jafnan verið skilin svo, að hún setti einungis við handtökur sem lið í málsókn. Átti greinin í þessari mynd að auka öryggi einstaklinganna og girða fyrir það, að hegt sé að framkvæmdavaldinu í hendur viðtækt vald til að skerða frelsi manna.
- 6) Er í samræmi við ákvæði mágildandi hegningarlaga.
- 7) Er samhljóða 66. gr. stj. skr.
- 8) Um þessa grein hafa nefndarmenn ekki orðið á eitt sáttir. Auður Auðuns vill láta ákvæði 67. gr. stj. skr. um full verð haldast, en aðrir nefndarmenn vilja fella orðið "fullt"

niður. Að þöru leyti er greininokkuð ítarlegri en 67. gr. stj. skr., og nýmáli eru í 2. og 3. málgri.

- 9) Er samhljóða 69. gr. stj. skr.
- 10) Er almenn yfirlýsing um skoðana- og trúfrelsi, mál- og ritfrelsi. Ákvæði 72. gr. stj. skr. eru tekin upp í þessa grein.
- 11) Er samhljóða 73. gr. stj. skr.
- 12) Er samhljóða 74. gr. stj. skr.
- 13) Hér er sú skoðun lögð til grundvallar, í samræmi við mál- og efnaáætlun ríkisstjórnarinnar, að réttur og skylda manna til að vinna fyrir sér og sínum sé sú undirstaða, sem þjóðfélaginu beri að virða og fullnægja.
- 14) Um þessa grein er svipað að segja. Gera má ráð fyrir því, að fullkomin tryggingalöggjöf verði bráðlega sett, og að hún muni ná til flestra þeirra, sem af ósjálfráðum ástæðum þurfa hjálpar með.

Einn nefndarmaður, Elísabet Líríksdóttir, leggur áherslu á, að það ákvæði, að landið sé allt eitt framfærsluhérað, sé tekið upp í stjórnarskrána, og telur að það ætti gjarnan vera í niðurlagi þessarrar greinar, enda þótt hún geti fallist á, að efnið ætti það e. t. v. frekar helma annarsstaðar.
- 15) Þarfnast ekki skýringa.
- 16) Er samhljóða 75. gr. stj. skr., nema hvað orðið "vopnfær" er fellt niður.

T i l l ö g u r.

1.

Allir skulu hafa jöfn mannréttindi án tillita til kyns, stéttar, starfs, efnahags, trúar, skoðana, atternis eða kynþáttar. Ekki má í lög taka nokkur sérréttindi bundin því, er að framan greinir, né við aðal, nefndætur eða lögtign.

2.

Konur skulu á öllum sviðum hafa sömu þjóðfélageréttindi og karlar og sömu laun fyrir sama starf og þeir. Með lögum skal tryggja meðrum möguleika til að stunda atvinnu utan heimilis. Ríkisvernd skal tryggja meðrum og börnum.

3.

Mannhelgi má ekki skerða. Réttur hvers manns til öryggis lífs og líkama, frelsis og lögmætra eðhafna skal varðlaður.

4.

Engan má af lífi taka né beita pyndingum, líkamlegum eða andlegum.

5.

Engan má svifta frelsi án dómsúrskurðar.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, hvert sem tilfni handtökunnar er. Sé hann eigi jafnakjótt láttan laus, skal dómari áður sólarhringur sé liðinn leggja röstuðdan úrskurð á, hvort hann skuli sviftur frelsi. Úrskurði dómara má þegar skjóta til aðra dóms.

Engan má setja í gæluvarhald fyrir sök, er aðeins varðar fésekt eða varðhaldi.

6.

Ekki má dæma kona í refsingu né önnur slík viðurlög, nema heimild hafi verið í lögum þegar brotið var framið, og eigi í þyngrri viðurlög en orðið hefði eftir þeim lögum.

7.

Heimilið er friðheillagt. Ekki má gera háleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild.

8.

Eignarrétturinn er friðhelgur, jafnt persónulegur sem félagsslegur. Hver maður hefur rétt til að ráða lögmætum eignum sínum með þeim takmörkunum, er almenningsheill krefur og lög ákveða.

Engan má svipta fjárforraði nema með dómsúrskurði.

Hver maður er skyldur að virða og vernda eignir þjóðfélagsins.

Skylt er að láta eign af hendi ef almenningsþörf krefast. Þarf til þess lagafyrirmáli og komi (fullt) verð fyrir.

9.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaþótt til.

10.

Hver maður á rétt á að hafa trú og skoðanir að eigin sannfæringu og boða þar öðrum í trú og riti. Þó má ekki kenna eða fremja nokkuð það, sem gagnastætt er almennu siðgæti og allsherjarreglu eða hvetja til ólöglegra athafna, og ábyrgð orða sinna bera menn fyrir áðmi.

Ritakeðun eða aðrar hliðstæðar tálmanir fyrir prentfrelsi má ekki í lög leiða.

11.

Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess.

Ekkert félag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess að það verði leyst upp.

12.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnaðir. Lögreglu-
stjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mann-
fundir undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði ó-
spektir.

13.

Hver vinnufær maður hefur rétt og skyldu til löglegra
nytsamra starfa og rétt til hæfilegrar hvíldar. Geti hann eigi
sjálfur aflað sér atvinnu, á hann rétt á, að honum sé séð fyrir at-
vinnu við hans hæfi eða atvinnuleysisbótum, er nægi fyrir næðsýnjum
hans og þeirra, er hann hefur á framfæri. Nánari ákvæði skal setja
með lögum.

14.

Hverjum manni skal tryggð fjárhagsleg afkoma með fullkomnum
tryggingalögum eða opinberri framfareru þar sem þau ná ekki til (og
sé landið allt eitt framfarisúhérað).

15.

Réttur til fræðslu og menntunar er almennur og jafn og
skylda til að nota hann samkvæmt fræðslulögum.

16.

Sérhver maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn lands-
ins, eftir því sem nánar kann að verða fyrir mælt með lögum.

Föstudaginn 7. maí.

1. Stjórnarskrárbreyting: Ákvæðið um þjóðkirkjuna sé hreint stjórnarskráratkvæði, þannig að niður sé fellt ákvæði núverandi stjórnarskrár um það, að afstöðu þjóðkirkjunnar til ríkisins megi breyta með lögum. Framvægis þurfi stjórnarskrárbreytingar við um það ákvæði alveg eins og önnur.
2. Til forseta megi aðeins kjósa mann, sem sé meðlimur þjóðkirkjunnar. Sé það stjórnarskráratrúði.
3. Stjórnarskrárbreyting: Biskup eigi setu á Alþingi með málfrelsi og tillögurétt á sama hátt og ráðherrar, geti flutt þar mál, en hafi þó því aðeins atkvæðisrétt, að hann sé kjörinn alþingismaður.
4. Ákvæði í lögum frá síðasta þingi um nýbýli á prestssetrum breyttist. Samþykki nýbýlastjórnar, prests, prófasts, biskups (og einhverra tveggja annarra aðila) þarf til.
5. Samp. verði fjárveiting, kr. 100 þús., til kirkjunnar til að nota fyrir óvissum útgjöldum og styrktar kirkjulegu starfi.
6. Laun presta: Prestar í Reykjavík, Hafnarfirði, Ísafirði Akureyri, Ákranesi og Keflavík flytjist upp í 7. launafl. og fái rétt til þess að kaupa prestssetrin, þar sem þau eru til. Fái lénsábyrgð og lán til slíks, en húsaleigu-styrkur falli þess í stað niður.
7. Stofnaður sé kirkjubyggingarsjóður (sakv. frv. Sig. Ólafssonar á síðasta þingi).